



Skólaráð Garðaskóla

16. nóvember 2011, kl. 15.30-16.30, Garðalundi

Fundarstjóri: Brynhildur Sigurðardóttir (BS)

Fundarritari: Sigurrós Á. Gunnarsdóttir (SG)

Mættir: Gunnar Richardson fulltrú grenndarsamfélagsins (GR), Sigurrós Gunnarsdóttir fulltrúi kennara (SG), Unnur Andrea fulltrúi nemenda (UA), Ágústa B. fulltrúi foreldra (ÁB), Össur fulltrúi foreldra (Ö), Guðrún Björg (GBE), Brynhildur S. (BS) skólastjóri.

Fjarverandi: Ingibjörg Anna aðstoðarskólastjóri, Hjalti fulltrúi nemenda.

Efni fundarins:

dagskrá:

- Fundaáætlun skólaráðs Garðaskóla
- Heilsueflandi grunnskóli
- Áskorun á bæjaryfirvöld vegna matsölnnar
- Fjölbautaáfangar
- Önnur mál

✓ BS dreifir fundaáætlun skólaráðs og fer yfir. Tillagan er svohljóðandi:

1. Fundur 20. október 2100
2. Fundur 16. nóvember 2011
3. Fundur 18. janúar 2012 – fundur með nemendafélagi Garðaskóla
4. Fundur 21. mars 2012
5. Fundur 27. apríl 2012 – opinn fundur á lokadegi Listadaga.

Tillagan hlýtur samþykki allra.

✓ **Heilsueflandi grunnskóli:** BS segir frá verkefni sem Lýðheilsustöð stendur að og kallast „Heilsueflandi grunnskóli”. Verkefnið er styðjandi en ekki stýrandi. Skólinn fær verkefni og gátlista til að vinna með. Skólinn skilgreinir sjálfur vinnuna með þeim verkfærum sem Lýðheilsustöð afhendir. Nú þegar er kominn stýrihópur í skólanum sem mun halda utan um verkefnið og verður honum stýrt af Magnúsi Teitssyni fagstjóra í íþróttum. GR bendir á að gott væri að fá nemendur inn í stýrihópinn til að fá sjónarhorn þeirra. Mikilvægt er að rödd nemenda heyrist á öllum vígstöðvum. ÁB þekkir til verkefnisins úr Flensborgarskóla þar sem það reyndist mjög vel. Nokkur umræða var um verkefnið og allar á jákvæðum nótum. Allir ánægðir með að Garðaskóli stefni að þessu. Mikilvægt að mótuneytið sé inni í verkefninu til að efla enn frekar heilbrigða lífshætti með bættu mataræði. Hugmynd kom fram um að nemendur fengju að hanna salatbakka og fleira í þeim dúr. Skólaráð styður verkefnið heilshugar!

✓ **Niðurgreiðsla máltíða/fylgiskjal:** BS leggur fram áskorun sem senda á bæjaryfirvöldum um niðurgreiðslu á heitum mat í matsölu nemenda (sjá fylgiskjal). BS fer söguna og fundarmenn velta fyrir sér hvað hægt sé að gera því sérstaða Garðaskóla er ljós. Hér eru aðrar aðstæður en í hinum skólunum, t.d. hentar ekki öllum unglingum að vera í fastri áskrift, í nágrenninu eru

verslanir sem má segja að séu í samkeppni við mötuneytið. Í umræðum um málið kom fram að Garðabær hefur niðurgreitt mat til nemenda grunnskólanna í formi húsnæðis og aðstöðu en ekki með starfsmannahaldi. Fundarmenn höfðu spurningar um hversu vel matsölueiningin í Garðaskóla bæri sig þar sem þar eru fáir í áskrift og talsverðar sérþarfir um framboð á fjölbreyttum smáréttum. Í áskoruninni kemur skýrt fram að við viljum sama verð fyrir alla grunnskólanemendur Garðabæjar. Farið er fram á ódýrari valkost og því eru allir skólaráðsmeðlimir sammála.

- ✓ **Fjölbrautaáfangar:** Vinnu vegna fjölbrautaáfanga skólans er lokið í bili. BS greinir frá niðurstöðum sem friðar mestu óánægjuna. Fjölbrautanemendur í ENS og STÆ taka lokapróf í Garðaskóla og FG. Aðrir framhaldsskólar munu þá eiga erfiðara með að hafna þeim prófum. Alls 65% nemenda Garðaskóla taka einn eða fleiri fjölbrautaáfanga í skólanum. Þess var getið að virkilega gott samstarf er milli Garðaskóla og FG og mikill skilningur á báða bóga. Skólaráð er einhuga varðandi mikilvægi þess að ferðakerfið fái áfram að lifa í skólanum vegna þess að það þjónar vel þörfum nemenda og tryggir góða fagkennslu í skólanum.
- ✓ **Nefndir:** BS fór yfir stöðu nefnda í skólanum. Margar nefndir eru starfandi en þó vantar aðeins upp á. Þess má geta að búið er að stofna jafnréttisnefnd og umhverfisnefnd. Enn vantar fólk í gæðanefnd sem mun sjá um innra mat skólans. GE segir frá því að allt frá árinu 1993 var starfandi mjög virk gæðanefnd sem kom á laggirnar innra mati/sjálfsmati þar sem starfsmenn ræddu hver við annan, settu sér markmið og ákváðu leiðir að þeim. Skólanum ber að vera með gæðanefnd. GR bendir á að gott væri að fá rödd nemenda og forráðamanna í gæðanefndina.
- ✓ **Önnur mál:** Stelpu- og strákakvöld eru haldin á vegum Garðalundar. BS sagði frá beiðni strákanna um að halda spilakvöld og hvað skólaráði fyndist um að þeir fengju að spila póker. Nokkur umræða spannst um þetta og voru fundarmenn sammála því að ekki mætti spila upp á peninga. Spurning um framsetningu spilakvöldsins, boðið yrði upp á margs konar spil og þar á meðal póker. Fundarmenn velta fyrir sér hvort eigi að senda upplýsingar heim til að fyrirbyggja allan misskilning. Skólaráð var sammála því að það væri í lagi að spila póker eins og önnur spil.

Fundi slitið kl. 16.50

Fylgiskjal 1.

Fundur í Skólaráði Garðaskóla 16. nóvember 2011-11-10

Tillaga að fundaáætlun Skólaráðs Garðaskóla 2011-2012:

1. fundur 20. október 2011
2. fundur 16. nóvember 2011
3. fundur 18. janúar 2012 – fundur með nemendafélagi Garðaskóla
4. fundur 21. mars 2012
5. fundur 27. apríl 2012 – opinn fundur á lokadegi Listadaga

Fylgiskjal 2.

Garðabær 9. desember 2011

Bæjarráð Garðabæjar
Garðatorgi 7
210 Garðabær

Á fundi skólaráðs Garðaskóla þann 16. nóvember síðastliðinn var ákveðið að fara þess á leit við Bæjarráð Garðabæjar að sveitarfélagið niðurgreiði heitan mat í matsölu skólans þannig að máltíðin verði hagkvæmur valkostur fyrir nemendur þegar þeir velja sér hádegismat.

Í nóvember 2011 kostar heit máltíð í skólanum 550 krónur. Nemendur leita í miklum mæli út fyrir skólann til að kaupa hádegismat og fá þar samlokur, salöt og léttu rétti á 350-500 krónur. Heita máltíðin í matsölu Garðaskóla er augljóslega betri valkostur fyrir nemendur sem vilja halda starfsorku og borða næringarríkan mat. Í núverandi stöðu er þessi valkostur þeim ekki fýsilegur vegna verðsins.

Nemendur Garðaskóla njóta þess að hafa valfrelsi og hentar mataráskrift þeim ekki þótt þeir geti valið fasta daga. Með verðstýringu er hægt að hafa áhrif á það hvað nemendur velja sér í hádegismat. Verksali hefur þegar lækkað máltíðina í lausasölu um 50 krónur til að koma til móts við nemendur. Ef bæjarfélagið niðurgreiðir máltíðina um 60 krónur til viðbótar fer verð máltíðar í 490 krónur sem gerir heitan mat samkeppnishæfan í verði við aðra vöru í matsölunni. Því er þess farið á leit að sveitarfélagið niðurgreiði máltíðir í lausasölu í Garðaskóla.

Virðingarfyllst, fyrir hönd Skólaráðs Garðaskóla

Brynhildur Sigurðardóttir, skólastjóri